

# Lærum hvert af öðru

## Málþing um útinám

Samtök áhugafólks um útinám hafa þann tilgang að efla útinám á Íslandi og styðja félagsmenn í því verki. Áhersla er lögð á að kynna gildi útináms og auka faglega færni, þekkingu, gæði og umræðu á því sviði. Markmiðið með málþinginu er að gefa þátttakendum praktískar hugmyndir sem þeir geta nýtt í starfi með börnum. Málþingið er opið öllum og frítt inn. Að loknu málþinginu verður haldin aðalfundur félagsins.

### Útivist, fjör og fróðleikur

**Dagrún Ósk Jónsdóttir** segir frá Náttúrubarnaskólanum á Ströndum sem stofnaður var sumarið 2015. Þar eru haldin fjölbreytt námskeið fyrir börn þar sem þau læra um náttúruna í náttúrunni sem fer fram m.a. gegnum leiki, með því að sjá, snerta og upplifa.



### Samþætting námsgreina í útinámi - Waldorfkenntufræði

**Hildur Margrétardóttir** segir frá reynslu kennara af útinámi á yngra- og miðstigi grunnskóla og hvernig hægt er að samþætta hin ólíku fög í gegnum útiveru. Hildur er kennari við Waldorfskólann Sólstafir í Sóltúni í Reykjavík.



### Mörk án landamæra, útinám á Heilsuleikskóla

**Íris Ósk Kjartansdóttir** fjallar um hvað heilsuleikskólinn Urðarhóll er að gera í útinámi, hvernig þau skipuleggja það og hvað þau leggja upp með.

### Útiverkefni í tónmennt, umhverfismennt og heilsueflingu

**Sesselja Guðmundsdóttir** spyr hvaða áhrif náttúruhljóð og hljóð af mannavöldum hafa á það hvernig okkur líður? Getum við mælt hljóðið?

**Anna Sigríður Skúladóttir** segir frá *Þrautabraut* og *Ævintýri og vatn*. Samþætt verkefni í umhverfismennt og heilsueflingu í grenndarskógi Ártúnsskóla.

### HIÐ ÓVÆNTA. Upplifun - náttúra – listir

**Berglind Björgúlfsdóttir** fjallar um útinám og sköpun. Berglind hefur unnið m.a. sem verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og tengt þar saman leikskóla og grunnskóla í verkefni um útinám og læsi. Hún hefur unnið með innflytjendafjölskyldum og tengt íslenskunám þeirra listum, leikjum og náttúruupplifun. Berglind sér nú um tónlistarsmiðju í Lágafellsskóla og kennir tónlist í Waldorfskólanum Lækjarbotnum.

### Útileikir

**Samuel Ludger Levesque** vinnur við ævintýra- og útinámskenntu hjá frístundamiðstöðinni Kringlumýri. Hann segir hér frá *Ævintýraleikum* leikjum fyrir börn og unglina.



Málþingið er haldið í Hlíðunni við Gufunesbæ  
Við Gufunesveg, 112 Reykjavík

**Sjá staðsetningu hér**

Fimmtudagurinn 9. febrúar 2017

**Kl. 13:30 – 16:00**

Léttar veitingar

